Karlotta Helgadóttir

Subject: RE: Ósk um dagskrármál - Skipulagsráð 19. febrúar

From: Hákon Gunnarsson <hakon.gunnarsson@hrn.is>
Sent: miðvikudagur, 14. febrúar 2024 17:17
To: Hjördís Ýr Johnson - bæjarfulltrúi <hjordis.yr@kopavogur.is>; Ásthildur Helgadóttir - sviðsstjóri umhverfissviðs <Asthildur.Helgadottir@kopavogur.is>; Auður D. Kristinsdóttir <audurdk@kopavogur.is>
Subject: Ósk um dagskrármál - Skipulagsráð 19. febrúar

Efni: Beiðni um dagskrármál á fundi skipulagsráðs þann 19 febrúar

Hjördís Ýr Johnson, formaður skipulagsráðs
Ásthildur Helgadóttir, sviðsstjóri Umhverfissviðs
Auður D. Kristinsdóttir, skipulagsfulltrúi

Meðfylgjandi er úr fundargerð bæjarstjórnar frá 13 febrúar 2024



6.3 24011155 - Húsnæðisáætlun 2024

Lögð fram drög að húsnæðisáætlun Kópavogsbæjar 2024.

Niðurstaða Bæjarráð - 3162
Bæjarráð samþykkir að vísa málinu til afgreiðslu bæjarstjórnar.

Niðurstaða
Fundarhlé hófst kl. 22:22, fundi fram haldið kl. 22:26

Bæjarstjórn samþykkir framlagða húsnæðisáætlun Kópavogsbæjar 2024 með einu atkvæði og hjásetu Elísabetar B. Sveinsdóttur, Bergljótar Kristinsdóttur, Ásdísar Kristinsdóttar, Hjördís Ýrar Johnson, Andra S. Hilmarssonar, Sigrúnar H. Jónsdóttur, Theódóru S. Þorsteinsdóttur, Sigurbjargar E. Egilsdóttur, Helgu Jónsdóttur og Kolbeins Reginssonar.

Bókun bæjarstjórnar:
"Mikilvægt er að húsnæðisáætlanir HMS endurspegli raunstöðu í hverju sveitarfélagi út frá þörf á húsnæðismarkaði. Skapalón HMS er enn í vinnslu og meðfylgjandi áætlun gefur því ekki rétta mynd af stöðunni í Kópavogi. Mikilvægt er að hraða þeirri vinnu þannig að skýrsla sem þessi geri gagn."

Í þessari nýsamþykktu Húsnæðisáætlun frá því í gær í bæjarstjórn Kópavogs (13 febrúar) kemur meðal annars fram að það eigi 550 íbúðir að vera tilbúnar á Fannborgarreit og Traðareit vestur árið 2026.
Það eru bráðum 6 ár liðin frá því kaupsamningur Kópavogsbæjar og Árkórs um kaup þess síðarnefnda á Fannborg 2, 4 og 6. Engin merki um byggingaframkvæmdir sjást né hefur verið upplýst um þær til íbúa á svæðinu né annarra. Samt sem áður á að ljúka byggingu 550 íbúða á þessu svæði á rúmum 2 árum. Þess vegna eru þessar spurningar lagðar fram og svar óskast á fundi Skipulagsráðs þann 19 febrúar.

Spurningar:

1 Er búið að gefa leyfi til niðurrifs á byggingunum við Fannborg 2,4 og 6?

2 Er komið byggingaleyfi fyrir þessum 550 íbúðum sem bæjarstjórn hefur samþykkt í húsnæðisáætlun?

3 Hvernig hefur upplýsingagjöf til íbúa og annarra hagaðila verið háttað vegna þessara fyrirhuguðu framkvæmda?

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

4 Hvenær er áætlað að framkvæmdir á Fannborgarreit og Traðarreit vestur hefjist?

Hákon Gunnarsson
Fulltrúi í skipulagsráði Kópavogsbæjar

Hákon Gunnarsson, verkefnastjóri / Project Manager
Heilbrigðisráðuneyti / Ministry of Health
Síðumúli 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8700
www.stjornarradid.is - Fyrirvari/Disclaimer

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026